

24. nóvember 2022

22455

## Dreifing

Skipulagsstofnun

&gt; Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Höfundur

EBA

Yfirfarið/Samþykkt

Hugrún Hjálmarsdóttir

Tílefni

## Matsskyldufyrirspurn: Stækkun Skaganámu, Seyðisfirði

Viðbrögð við umsögnum

## 1 Viðbrögð Múlapings við umsögnum

Skipulagsstofnun kynnti matsskyldufyrirspurn um stækkun Skaganámu og losun umframefnis í hafið og var kynningartími frá 12. október til 10. nóvembers 2022. Á kynningartíma benti Umhverfisstofnun á að ekki yrði hægt að veita leyfi fyrir losun umframefnis í hafið. Í kjölfarið óskaði Múlaping eftir því við Skipulagsstofnun að aðeins yrði tekin ákvörðun um þann hluta sem snýr að stækkun Skaganámu þar sem útfæra þyrfti nánar tilhögun umframefnis.

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum frá sjö aðilum en tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf sé á viðbrögðum Múlapings.

Tafla 1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum Múlapings

Umsagnaraðili	Viðbrögð
Múlaping	Ekki þörf á viðbrögðum
Heilbrigðiseftirlit Austurlands	Ekki þörf á viðbrögðum
Minjastofnun Íslands	Ekki þörf á viðbrögðum
Umhverfisstofnun	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Náttúrufræðistofnun Íslands	Ekki þörf á viðbrögðum
Hafrannsóknarstofnun	Sendu ekki inn umsögn
Vegagerðin	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.2

## 1.1 Umhverfisstofnun

Í umsögn segir:

„Umhverfisstofnun telur að við efnistökkuna eigi að leggja áherslu á að fullvinna þann hluta námunnar strax sem ætlunin er að ganga frá. Reynslan hefur sýnt að oftast er skortur á efni til frágangs ástæða þess að erfitt reynist að ganga ásættanlega frá grjótnámum. Við frágang mætti hér nota umframefni og væri þá unnt að nýta ferðir í báðar áttir þegar flutningur á grjóti hefst. Þar sem um mikið magn umframefnis er að ræða ætti ekki að þurfa að huga að fláum vinnslustáls ef þessu efni verður keyrt í námuna en leggja ætti áherslu á að fella námuna að landi og milda jaðar námunnar með því að fella hlíð ofan námunnar að landi neðan hennar. Þar mundi framboð efnis ráða hvort unnt verður að gera þetta án þess að fjarlægja mön neðan námunnar.“

**Viðbrögð Múlapings:** Stór hluti efnisins úr námunni verður nýttur á næstu 5 árum og verður þá gengið frá þeim hluta námunnar, líkt og Umhverfisstofnun leggur áherslu á. Umframefni sem kemur til vegna framkvæmda við snjóflóðavarnargarða á svæðinu verður nýtt til að ganga frá námunni. Áhersla verður lögð á að fella raskað land sem kostur er að nánasta umhverfi og landslagi og milda jaðar námunnar.

## 1.2 Vegagerðin

Í umsögn segir:

„Vegagerðin gerir athugasemdir við að ekki kemur fram hvers konar efni er fyrirhugað að nýta í fyllingu. Ekki er ásættanleg að nota hvaða efni sem er en efnisgerð kemur ekki fram í greinagerð og heldur ekki hvor og þá hvernig efnið dreifist um fjörðinn fyrir öldu og með straumum. Mold og annað lífræn jarðefni henta síður til uppfyllinga í sjó.“

**Viðbrögð Múlaþings:** Eftir frekara samtal við Umhverfisstofnun er ekki gert ráð fyrir losun umframefnis í hafið. Útfæra þar ráðstöfun umframefnis á annan hátt en Múlaþing hefur óskað eftir því við Skipulagsstofnun að ákvörðun verði tekin um Skaganámu, meðan sú vinna er í gangi.

Í umsögn segir:

„Vegagerðin óskar eftir upplýsingar um hve mikla umferð er að ræða vegna námuflutninganna. Áspungi ökutækja skal vera samkvæmt reglum um stærð og þyngd ökutækja (nr. 155/2007) sem og takmörkunum vegna burðar vega hverju sinni. Sé þess kostur er æskilegt að önnur leið verði fyrir valinu til efnisflutninga en eftir þjóðvegum. Mikilvægt er að ekki berist mól og leir inn á þjóðveg vegna umferðaröryggis og óþrifa.“

**Viðbrögð Múlaþings:** Flutningar úr námu munu ekki fara um þjóðveg. Í tengslum við framkvæmdir við snjóflóðavarnargarða var útbúinn vinnuvegur sem liggur um framkvæmdasvæðið, ofan við þéttbýlið, m.a. í þeim tilgangi til að draga úr áhrifum á hljóðvist og til að draga úr ónæði innanbæjar. Að hluta til er um bráðabirgðaveg að ræða þar sem vegurinn fer að stórum hluta undir varnargarða, að framkvæmdum loknum, og fellur hann ekki undir grunnkerfi samganga á svæðinu.

Í umsögn segir:

„Vegagerðin bendir á að svo virðist sem mynd 4.1 sýni námu á röngum stað.“

**Viðbrögð Múlaþings:** Mynd 4.1 sýnir fyrirhugaða stækkun námu. Umfang núverandi námu sést á loftmyndinni.